



FAS23020020

Greinargerð um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar

Við framlagningu
ársuppgjörs
Reykjavíkurborgar 2022

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Framkvæmd og skipulag KFS	1
Greining þjónustubátta	3
Mixtúra	6
Þjónusta skólabókasafna	7
Bílastæðasjóður	8
Styrkir menningar- og ferðamálaráðs úr Borgarsjóði	8
Borgarskjalasafn	9
Þjónustuver	10
Borgin okkar - íbúaráðsstyrkir	11
Jafnréttisskimun og jafnréttismat	13
Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2022-2026	13
Fjárfestingaráætlun	13
Viðaukar við samþykktu fjárhagsáætlun 2022	14
Önnur verkefni	16
Tillögur starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats – Staða aðgerða	16
Þekkingarkista um kynja- og jafnréttissjónarmið í loftslagsmálum	17
Upplýsingabrunnur fyrir starfsfólk	17
Upplýsingabæklingur sendur á kjörna fulltrúa	17
Ábendingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu	18
Viðauki I. Greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2022	20
Viðauki II. Áætlanir fag- og kjarnasviða um greiningar, framkvæmd og eftirlit KFS	23

Myndaskrá

Mynd 1. Árlegir viðburðir í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg. ...	2
Mynd 2. Greindir þjónustupættir sem hlutfall af heildar fjármagni sviða skv. fjárhagsáætlun 2022.	5
Mynd 3. Viðaukar við samþykktu fjárhagsáætlun 2022 eftir niðurstöðu jafnréttisskímunar (undanþegnir viðaukar undanskildir).	15

Töfluskrá

Tafla 1. Samantekt á greiningum þjónustupátta sem hafa verið framkvæmdar frá árinu 2011, eftir fagsviðum.	3
Tafla 2. Yfirlit yfir tillögur starfshóps og stöðu á innleiðingu þeirra.	16

Inngangur

Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lögum um stjórnarsýslu jafnréttismála nr. 151/2020, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta fjármála- og mannréttindastefnu borgarinnar og stuðla þannig að jafnrétti. Stefnt er að betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa.

Margt hefur áunnist á þeim árum sem innleiðingin hefur staðið, m.a. hafa verið unnar greiningar á þjónustu allra fagsviða borgarinnar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhagsáætlunar, breytingar hafa verið gerðar á reglum um gerð fjárhagsáætlunar og reglum um styrkjaúthlutun Reykjavíkurborgar til þess að stuðla enn betur að jafnrétti við úthlutun fjármagns.

Tvö megin verkefni innleiðingar kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru greining þjónustupátta annars vegar (FMS-VLR-087) og jafnréttisskimun og -mat á öllum nýjum verkefnum og breytingartillögum sem varða fjárhagsáætlun hins vegar (FMS-VLR-086 og FMS-VLR-048). Þá ber einnig að beita jafnréttisskimun og -mati vegna nýrra verkefna eða breytingum á fjárfestingaráætlun (FMS-STE-001).


Í þessari greinargerð er að finna stöðumat á innleiðingu KFS árið 2022.

Framkvæmd og skipulag KFS

Framkvæmd og skipulag KFS hefur verið í nokkuð stöðugu endurmati frá því að innleiðing á KFS hófst árið 2011. Unnið er að því að finna hvernig best hentar að vinna verkefnið á hverjum tíma. Mörg skref hafa verið stigin í innleiðingarferlinu, frá upphafi verkefnisins til dagsins í dag. Unnið hefur verið að því að byggja upp ákveðna þekkingu og menningu sem styður við markmið um jafnrétti og mannréttindi innan borgarinnar. Unnið hefur verið að því að samþætta ferli KFS við annað starf borgarinnar og endurskipuleggja fjárhagsáætlunarferlið og aðra verkferla með hliðsjón af KFS.

Á tímabilinu 2018-2022 var starfræktur pólitískur stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun, en eftir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2022 ákvað nýr meirihluti að verkefni stýrihópsins væru færð yfir til mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs, sem ber þá nú ábyrgð á að skilgreina hvert beri að stefna í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg. Ábyrgð á framkvæmd KFS inna sviða borgarinnar er hjá sviðsstjórum fag- og kjarnasviða og á hverju sviði, ásamt miðlægri stjórnarsýslu í ráðhúsi, eru starfræktir KFS starfshópar sem hafa það hlutverk að leiða og styðja við vinnu KFS á sínu sviði. Það felur m.a. í sér að leiða greiningarstarf sviðanna og gæta þess að brugðist sé við niðurstöðum greininga ásamt því að sjá til þess að jafnréttisskimanir og jafnréttismöt séu gerð.

Unnið er að KFS reglulega yfir árið og á öllum stigum fjárhagsáætlunargerðarinnar eins og sjá má á mynd 1.



Mynd 1. Árlegir viðburðir í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg.

Greining þjónustupáttá

Markmiðið með greiningu þjónustupáttá er að kortleggja hvort halli á eitt kyn eða þá hópa sem mannréttindastefna Reykjavíkurborgar tekur til þegar kemur að þjónustu borgarinnar við íbúa og ráðstöfun fjármagns. Með markvissum greiningum þjónustupáttá er unnt að meta hvort aðgerða sé þörf og þá hvaða aðgerða. Samkvæmt verklagsreglu um KFS hjá Reykjavíkurborg þá ber fagsviðum að gera áætlun um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna KFS. Í viðauka I má finna greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2022 og í viðauka II má finna áætlanir fag- og kjarnasviða um greiningar, framkvæmd og eftirlit.

Á árinu 2022 var nokkur gangur í greiningu þjónustupáttá, en lokið var við greiningar á sjö þjónustupáttum. Skóla- og frístundasvið greindi þjónustu þriggja skólabókasafna og þjónustu Mixtúru. Umhverfis- og skipulagssvið greindi starfsemi Bílastæðasjóðs. Menningar- og ferðamálasvið greindi styrki úr borgarsjóði og Þjónustu- og nýsköpunarsvið lauk við tvær greiningar, annars vegar á Borgarskjalasafni og hins vegar á þjónustuveri. Þá greindi miðlæg stjórnýsla í ráðhúsi íbúaráðsstyrki. Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir þá þjónustupætti sem hafa farið gegnum KFS greiningu frá árinu 2011, en alls hafa nú verið framkvæmdar 63 greiningar á þjónustupáttum borgarinnar með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Tafla 1. Samantekt á greiningum þjónustupáttá sem hafa verið framkvæmdar frá árinu 2011, eftir fagsviðum.¹

Íþrótt- og tómstundasvið	Ár	Kostnaður greindrar þjónustu (þús.kr)*
Aðsókn í sundlaugar	2012	n/a
Frístundakortið	2012	n/a
Fjárfesting íþróttafélaga	2013	n/a
Ráðningar í sumarstörf	2015	n/a
Styrkir til íþróttafélaga	2016	n/a
Aðsókn í fjölskyldu og húsdýragarðinn	2018	301.000
Hitt húsið - Þátttaka í Músiktilraunum	2018	n/a
Frístundakortið: Þróun á þátttöku barna 2012-2020	2021	n/a
Menningar- og ferðamálasvið	Ár	Kostnaður greindrar þjónustu (þús.kr)*
Innkaup safnefnis á Borgarbókasafni Reykjavíkur	2012	n/a
Styrkveitingar menningar- og ferðamálaráðs 2007-2011	2012	n/a
Börn og menningaruppeldi: Könnun á þátttöku barna og unglina í skipulögðum viðburðum menningarstofnana Reykjavíkurborgar	2014	n/a
Skráning og könnun kyngreindra gagna varðandi þjónustu við gesti í stofnunum Menningar- og ferðamálasviðs	2015	n/a
Viðhorfskönnun meðal barna í fjórðu bekkjum grunnskóla Reykjavíkur um opunarviðburð Barnamenningarhátíðar	2016	n/a
Kynjamunur erlendra ferðamanna í Reykjavík 2010-2015	2016	n/a
Börn og menningaruppeldi - Framhaldsgreining og samanburður	2020	n/a
Styrkir og samstarfssamningar	2022	42.600

¹ Skýring með töflu: n/a= kostnaður liggur ekki fyrir. Í þeim tilvikum þar sem kostnaður er ekki tiltekinn í greiningunni er notast við merkinguna n/a. Ýmsar ástæður geta legið að baki, stundum er t.d. verið að greina afmarkað verkefni sem er ekki tilgreint sérstaklega í fjárhagsáætlun, en er hluti af almennri starfsemi sviðsins.


*kostnaður greindrar þjónustu miðast við árið sem greiningin var framkvæmd og hefur ekki verið umreiknað yfir á núvirði.

Skóla- og frístundasvið	Ár	Kostnaður greindrar þjónustu (þús.kr)*
Börn ári fyrr á leikskóla – áhrif á dagforeldra, starfsfólk leikskóla og foreldra	2012	n/a
Þátttaka foreldra í foreldrafélögum og ráðum í leik- og grunnskóla	2012	n/a
Þátttaka 13-16 ára unglinga í félagsmiðstöðvastarfi	2012	n/a
Stuðningur í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum SFS	2014	n/a
Sérkennsluúthlutun í grunnskólum	2015	n/a
Þátttaka 10 - 12 ára barna í félagsmiðstöðvastarfi	2015	n/a
Greining á styrkjum skóla- og frístundaráðs á árunum 2013-2015	2016	75.844
Innkaup á námsefni og leikföngum í tveimur leikskólum	2018	3.175
Tilraunaverkefni um þróun aðferðafræði KFS í grunnskólum	2020	n/a
Miðstöðvar útivistar og útináms	2021	n/a
B-hluti þróunarstyrkja menntastefnu	2021	50.000
Mixtúra	2022	58.129
Þjónusta þriggja skólabókasafna	2022	n/a
Umhverfis- og skipulagssvið	Ár	Kostnaður greindrar þjónustu (þús.kr)*
Skipulagsmál	2013	n/a
Hjólreiðaáætlun	2016	350.000
Byggingafultrúi	2016	220.000
LUKR og landupplýsingar	2016	145.000
Grasagarður	2016	86.000
Vinnuskólinn	2017	241.000
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	2017	1.644.000
Samgöngumál	2018	141.000
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	2019	1.275.000
Deild náttúru og garða og umhverfi og útivist	2021	179.000
Stefnumótun og greining (aðalskipulag, svæðaskipulag, umhverfis og gæðamál)	2021	135.000
Bílastæðasjóður	2022	(307.000)
Velferðarsvið	Ár	Kostnaður greindrar þjónustu (þús.kr)*
Tilraunaverkefni: Þjónusta við utangarðsfólk	2012	203.000
Tilraunaverkefni: Félagsstarf aldraðra	2012	176.000
Fjárhagsaðstoð: Framfærslustyrkur	2014	2.105.000
Fjárhagsaðstoð: Heimildagreiðslur	2015	527.000
Stuðningsþjónusta	2016	700.000
Búsetuúrræði	2017	4.604.000
Dagþjónusta	2017	983.000
Heimaþjónusta	2019	1.850.000
Heimahjúkrun	2019	1.106.000
Hjúkrunarheimili	2019	270.000
Þjónustuíbúðir	2019	324.000
Aksturþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra	2021	1.059.000
Fjárhagsaðstoð: Framfærslustyrkur	2021	3.952.000

Framleiðslueldhús	2021	242.100
Þjónustu- og nýsköpunarsvið		Kostnaður greindrar þjónustu (þús.kr)*
Borgarskjalasafn	2022	600
Þjónustuver	2022	100.000
Miðlæg stjórnsýsla		Kostnaður greindrar þjónustu (þús.kr)*
Þjónusta við fasteignir - framkvæmda- og eignasvið	2012	900.000
Greining skipulags- og byggingarsviðs á Borgarsamfélagið	2012	n/a
Betri Reykjavík fyrir konur og karla	2012	n/a
Greining á atvinnuátaki	2013	n/a
Þjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur og styrkir	2013	n/a
Áhrif leikskólalokunar á atvinnuþátttöku	2014	n/a
Borgin okkar – íbúaráðsstyrkir 2020-2022	2022	71.292

*kostnaður greindrar þjónustu miðast við árið sem greiningin var framkvæmd og hefur ekki verið umreiknað yfir á núvirði.

Á mynd 2 má sjá áætlaða stöðu greininga á sviðum borgarinnar með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.



Mynd 2. Greindir þjónustupættir sem hlutfall af heildar fjármagni sviða skv. fjárhagsáætlun 2022.²

Skýringar með mynd 2:

*Ákveðnir þættir innan þjónustupátta hafa verið skoðaðir (sbr. yfirlit í töflu 1) en ekki þjónustupættir í heild sinni.

² Hjá öllum sviðum hefur kostnaður vegna yfirstjórnar verið frátalinn. Hjá USK eru einnig nokkrir þjónustupættir fráskildir þar sem að þegar áætlun var sett saman fyrir nokkrum árum var ákveðið að undanskilja nokkra þjónustupætti þar sem talið var að þar væru engin kynsjónarmið undir sem þyrfti að greina.

Mixtúra

Mixtúra sköpunar- og upplýsingatækniver er þjónustueining á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar (SFS) sem sinnir fjölbreyttri starfsþróun, ráðgjöf og stuðningi við stjórnendur og starfsfólk um ábyrga, framsækna og skapandi notkun stafrænnar tækni. Greiningunni var ætlað að varpa ljósi á það hvort starfsþróunartilboð og fræðsla/ráðgjöf Mixtúru til starfsstaða um notkun upplýsingatækni kæmi til móts við starfsfólk Reykjavíkurborgar af öllum kynjum og á öllum aldri. Einnig skyldi rýna útlán náms- og kennslugagna úr Búnaðarbanka SFS. Áhersla var lögð á að rýna jafnréttisáhrif þjónustuþátta með tilliti til mismunandi staðsetningar starfsstaða og borgarhluta.

Þjónustuþegar Mixtúru er fjölbreyttur hópur starfsfólks skóla- og frístundasviðs sem samanstendur af fólki í fullu eða hlutastarfi. Samkvæmt gögnum er meirihluti starfsfólksins skilgreint sem kvenkyn og á það við um alla starfsstaði undir þremur fagskrifstofum sviðsins; leik- grunn- og frístundastarfi. Hæsta hlutfall starfsfólks skilgreint sem karlkyn má finna í frístundastarfi.

Verkefnahópurinn leggur til að eftirfarandi aðgerðir:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að tilgreina gott aðgengi að aðstöðu Mixtúru í kynningarefni.	Setja upplýsingar um aðgengismál í námskeiðsbækling Mixtúru og á heimasíðu.	Hildur Rudolfsdóttir	Maí 2023
Bjóða upp á möguleika um skráningu sérþarfa þegar starfsfólk skráir sig á námskeið/fræðslu.	Bjóða upp á möguleika um skráningu sérþarfa þegar starfsfólk skráir sig á námskeið/fræðslu.	Hildur Rudolfsdóttir	Janúar 2023
Að jafna aðgengi starfsstaða að fræðslu og ráðgjöf eftir borgarhlutum	Skoða skráningu og óskir um ráðgjöf betur með tilliti til borgarmiðstöðva	Þorbjörg Þorsteinsdóttir, Helen Símonardóttir (ÞON)	Maí 2023
Að jafna aðgengi alls starfsfólks að opnum námskeiðum og fræðslu	Framkvæma greiningu á þörfum starfsfólks með annað móðurmál en íslensku	Hildur Rudolfsdóttir, Þorbjörg Þorsteinsdóttir	Nóvember 2023
Að jafna aðgengi alls starfsfólks að opnum námskeiðum og fræðslu	Bjóða upp á tímasetningar á fræðslu fyrir utan hefðbundinn opnunartíma Mixtúru	Hildur Rudolfsdóttir	Janúar 2023
Að jafna aðgengi alls starfsfólks að Búnaðarbanka SFS	Bæta við morgunopnun á föstudögum	Alexía Rós Gylfadóttir	Janúar 2023
Að jafna birtingarmynd kynjanna í Búnaðarbanka	Fara yfir ljósmyndir við náms- og kennslugögn, taka út og bæta við ef þörf er á	Hildur Rudolfsdóttir, Alexía Rós Gylfadóttir	Maí 2023

Uppbygging Búnaðarbanka til að ná betur til sérúrræða og allra borgarmiðstöðva	Bæta við útlámsmöguleika fyrir Íslenskuver og einhverfudeildir í grunnskólum	Porbjörg Porsteinsdóttir, Alexía Rós Gylfadóttir	Mars 2023
---	--	---	-----------

Þjónusta skólabókasafna

Tilgangur verkefnisins var að greina þjónustu skólabókasafna í Reykjavík út frá kynja- og jafnréttissjónarmiði. Valdir voru þrjár skólar og rýnt í þjónustu þeirra út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar (KFS). Skólarnir sem urðu fyrir valinu voru Austurbæjarskóli, Laugarnesskóli og Víkurskóli. Skólarnir þrjú eru misjafnlega uppbyggðir, einn heildstæður skóli, einn með nemendur á yngsta- og miðstigi og síðan einn unglingasafnskóli. Skólanir eru því taldir gefa góða mynd af skólastarfi almennt í borginni. Skoðað var hvort kynjajafnræðis væri gætt varðandi val á keyptum bókum, framsetningu og kynningu. Athugað var hvort þjónusta safnanna kæmi jafnt til móts við börn og unglinga af öllum kynjum. Rýnt var sérstaklega í það hvort hugað væri að margbreytileikanum í bókakosti safnsins og bækur sem innihalda fjölbreytt mannlíf séu aðgengilegar og vel sýnilegar t.d. bækur sem innihalda fátækt, hinsegin málefni/hinsegin fólk, fólk af erlendum uppruna, fólk með fötlun, fólk með mismunandi líkamsgerð og líkamlega færni.

Helstu niðurstöður greiningarinnar eru að mikill skortur er á að jaðarhópar geti speglað sinn reynsluheim í bókmenntum. Verkefnahópurinn skoðaði fjölbreytileikann í íslenskri barnabókaútgáfu fyrir árið 2021, þar sem beint var sjónum að sögupersónum af kynþætti öðrum en hvítum, innflytjendum, kynsegin persónum og fötluðum. Í ljós kom að engin *aðalpersóna* tilheyrði þessum jaðarhópum. Aftur á móti voru fjórar barna- og unglingabækur með veigamiklar kynsegin sögupersónur sem leika lykilhlutverk í afmörkuðum hluta bókanna. *Sögupersónur* af öðrum kynþætti en hvítum voru í sjö bókum, og aðeins ein þeirra er unglingabók. Af þessu má ráða að töluverð einsleitni er í íslenskri barnabókaútgáfu.

Verkefnahópurinn leggur til eftirfarandi aðgerðir:

- Til að jafna aðgengi barna í grunnskólum Reykjavíkur að lesefni þarf að setja á laggirnar miðlæga þjónustu þar sem starfsfólk grunnskólanna getur fengið að láni t.d. bækur á hinum ýmsu tungumálum fyrir þá nemendur sem á þeim þurfa að halda hverju sinni, bókmenntir frá ýmsum löndum og heimshornum í bekkjarsettum o.fl. Sjá Medioteket í Stokkhólmi sem fyrirmynd að þessari þjónustu.
- Innihaldsríkara samstarf við Félag Íslenskra útgefenda og aukið fjármagn í að styrkja íslenska barna- og ungmennaútgáfu, frumsamið efni og þýðingar. Huga þarf sérstaklega að því að útgefið efni spegli vel fjölbreytileikann í mannlífsflórunni. Einnig vantar sárlega meira úrval bóka fyrir unglinga/ungmenni á íslensku. Líka þyrfti að eyrnamerkja upphæð sem hver skóli hefur til ráðstöfunar til rithöfundaheimsóknar.
- Jafna út aðstöðumun á milli grunnskóla, og þar með skólasafna, hvað varðar upphæð sem skólarnir fá til bókakaupa. Það þarf að vera sérstakur kvóti ætlaður til þessa, reiknaður út frá nemendafjölda í hverjum skóla fyrir sig.
- Gott úrval barna- og ungmennabóka sem gefnar eru út á íslensku séu á fastri árlegri úthlutun til skólasafna, þ.e. þær sem gefnar eru út með grunnskólanemendur í huga.
- Tryggja áframhaldandi starfsemi Barnabókamessu í nóvember hvert ár.
- Vinna að því að efla jafnréttisvitund og auka fræðslu starfsfólks grunnskólanna þannig að allt starfsfólk sé meðvitað um mikilvægi góðs aðgengis að vönduðu lesefni og þess að allir nemendur í Reykjavík geti fundið samsömun og speglað sig í heimi bókmenntanna.
- Fylgjast með og greina árlega útgefið efni hvað varðar birtingarmyndir ýmissa hópa í barna- og unglingabókum.

Bílastæðasjóður

Umhverfis- og skipulagssvið greindi þjónustu bílastæðasjóðs út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Bílastæðasjóður fer með stjórnun bílastæðamála, hefur umsjón með eftirliti á ríflega þrjú þúsund bílastæðum, rekstri sjö bílahúsa, endurupptöku mála sem snúa að stöðvunarbrotagjöldum, sem og innheimtu gjalda vegna bílastæða, einnig afgreiðsla og umsjón með íbúakortum. Þar fer einnig fram þróun í upplýsingatækni fyrir sjóðinn í samstarfi við upplýsinga- og tæknideild Reykjavíkurborgar, sem og stefnumótun.

Helstu niðurstöður greiningarinnar eru m.a. að eftirlit Bílastæðasjóðs með lagningu ökutækja er til þess fallið að auka aðgengi fólks sem á erfitt með gang, þarf að stuðjast við hjálpartæki eða er með barnavagn, þar sem að ólöglega lagðir bílar geta verið mikil hindrun á aðgengi þeirra hópa. Þá kemur fram í greiningunni að nokkuð er um að ábendingar berist um óviðkomandi aðila í bílastæðahúsum. Samvinna er við VOR teymi velferðarsviðs ef um heimilislausa einstaklinga er að ræða og til stendur að fjölga eftirlits myndavélum á svæðinu til að auka öryggistilfinningu starfsfólks og notanda.

Það er stefna deildarinnar að leggja meiri áherslu á nýtingu bílastæðahúsa og kynna þau betur fyrir almenningi. Starfshópur KFS á USK bendir á að í ímyndavinnu vegna slíks sé mikilvægt að hafa kynja- og jafnréttissjónarmið í huga til að stuðla að því að sem flest fólk upplifi að þau geti nýtt sér húsin. Ekki liggur fyrir þekking um viðhorf kynja til bílastæðahúsa en þekkt er að konur hafa meiri vara á sér í lokuðum almannarýmum eins og bílastæðahúsum. Konur upplifa sig minna öruggar en karlar í miðborg Reykjavíkur eftir myrkur og um helgar og því brýnt að leita leiða til að bæta upplifun þeirra á öryggi. Atriði sem stuðla að auknu öryggi í bílastæðahúsum og bílakjöllum eru m.a. að hafa umsjónarmanneskju á svæðinu, lýsing sé fullnægjandi, neyðarsímar og neyðarhnappar séu vel sýnilegir, aðgangur sé takmarkaður þannig að ekki komist aðrir inn en notendur húsanna, myndavélar sem vaktaðar eru í rauntíma eða myndavélakerfi með hugbúnaði sem lætur vita af óvenjulegri hegðun, og rétt staðsettir speglar svo að notendur upplifi að þeir sjái vel í kringum sig.

Starfshópurinn leggur til eftirfarandi aðgerðir:

- Lagt er til að gerð verði þjónustukönnun sem m.a. kanni öryggistilfinningu notenda í bílahúsum (og mögulegra notenda í bílahúsum), og að hún sé greind eftir kyni og öðrum breytum. Einnig væri mögulegt að spyrja út í hvaða aðgerðir myndu auka öryggistilfinningu notenda.
- Komið verði á skráningu á ábendingum sem berast í gegnum ábendingavefinn eða öryggishnapp/aðstoðarhnappa sem tengjast öryggi notenda.
- Stjórnendur geri samanburð á öryggistilfinningu starfsfólks í kjölfar aukinnar rafrænnar vöktunar - þau gögn séu kyngreind.
- Við hvers konar greiningar, úttektir og kannanir á þjónustu Bílastæðasjóðs sé það haft hugfast að niðurstöður séu greindar eftir kyni og öðrum breytum eins og við á (t.d. aldri, uppruna o.fl.).

Styrkir menningar- og ferðamálaráðs úr Borgarsjóði

Árin 2019 til 2022 fóru langflestir styrkir menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs til félagasamtaka, eða 62%, en þegar litið er til styrkja til einstaklinga hallaði á karla bæði hvað varðar fjölda umsókna og fjölda úthlutaðra styrkja til lista og menningar úr borgarsjóði á vegum menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs. Mestur var munurinn árið 2019 þegar 20% veittra styrkja til einstaklinga fór til karla og 80% til kvenna, en minnstur munur árið 2022 þegar 39% styrkja til einstaklinga fór til karla og 61% til kvenna. Langflestir styrkir fóru til félaga eða hópa eða að meðaltali 62%. Veittir styrkir eru í samræmi við hlutfall umsókna, en árangurshlutfall er hæst meðal félaga að meðaltali 51%. Árangurshlutfall milli kynja sveiflast aðeins á milli ára, en er að meðaltali 33% hjá körlum og 34% hjá konum.

Þar sem stærsti hluti veittra styrkja fór til félaga og ekki var hægt að kyngreina þann hóp þótti gott að horfa frekar til spurninga um hverjir hefðu helst hag af styrknum, en sú spurning nær til allra umsækjenda, líka félaga. Flest verkefni högnuðust báðum kynjum jafnt, eða að meðaltali 81%, 17% verkefna högnuðust fleiri konum en körlum, en einungis 2% verkefna högnuðust fleiri körlum en konum.

Mun fleiri konur en karlar unnu að þeim verkefnum sem voru styrkt og mun fleiri verkefni voru styrkt þar sem konur höfðu hag af verkefnum en karlar. Út frá tölum um hlutfall þeirra sem störfuðu í menningargeiranum utan listamanna mætti teljast eðlilegt að fleiri konur sæju um að fylla út umsóknina. En hlutfall þeirra sem höfðu hag af styrkjum og hlutfall styrkja til einstaklinga er ekki hægt að réttlæta, þar sem einstaklingarnir voru flestir listafólk þar sem kynjahlutfall er jafnt skv. félagsaðild í BÍL. Ekki tókst að finna aðrar haldbærar eða augljósar skýringar á því hver rót kynjahallans var.

Því miður var gagnasöfnun á umsóknum ábótavant svo hvorki var hægt að greina styrkveitingar borgarinnar út frá fleirum kynjum né út frá öðrum þáttum mannréttindastefnu borgarinnar en kyni. Settar voru fram tillögur að breytingum á styrkjaferlinu til að styðja við aukinn fjölbreytileika og greiningar þar á.

Lagt er til að:

Gagnasöfnun og umsóknarform

- í umsóknarformi verði umsækjendur beðnir um að tilgreina kyn umsækjanda ef um einstakling er að ræða og að gert sé ráð fyrir fleiri en tveimur kynjum.
- í umsóknarformi verði umsækjendur beðnir um gögn er varða aðra þætti mannréttindastefnunnar s.s. uppruna.
- að settar verði mismunandi kröfur um að umsækjendur skili inn jafnréttisstefnu og mannréttindastefnu í umsókn út frá umsótttri upphæð styrks. Þá verði einungis fjöldaalmöguleika spurningar hjá þeim sem sækja um lægri upphæðir til að auðvelda tölfraðilega greiningu og til að auðvelda umsóknarferli og þar með aðgengi allra að umsókninni, en gerð verði krafa um jafnréttis- og mannréttindastefnu hjá stærri verkefnum s.s. hátíðum.
- að staðla greiningu faghóps um flokkun styrkja eftir listgreinum.
- að faghópur skili af sér skiptingu styrkja til einstaklinga eftir kynjum líkt og hann gerir nú varðandi listgreinar.
- að ef umsækjandi er félag sé beðið um nafn og kyn formanns / framkvæmdastjóra / listræns stjórnanda félagsins, svo unnt sé að kyngreina umsóknir frá félögum.
- að umsóknarform sé á fleiri tungumálum en íslensku.

Auglýsing um styrki

- að orðalagi í auglýsingu um styrki sé breytt þannig að ekki sé talað um kynjaða fjárhags- og starfsætlun og mannréttindastefnu borgarinnar, heldur almennt um jafnrétti og mannréttindi, svo augljósara verði fyrir umsækjendur hvert markmið borgarinnar er.

Verklag við úthlutanir

- í endurskoðun á styrkjum verði skoðað betur hvort tilefni sé til þess að borgin opni fyrir að styrkja sköpun í úthlutun styrkja úr borgarsjóði að hausti og leggi minni áherslu á viðburði.

Borgarskjallasafn

Greiningin sýndi að einkaskjallasöfn varðveitt á Borgarskjallasafni eru að meirihluta til frá íslenskum körlum sem fæddir eru í lok 19. aldar eða fyrri hluta 20. aldar. Það hallar á einkaskjallasöfn kvenna sem og einstaklinga af erlendu bergi brotnu og einnig þeirra sem búa utan Elliðaáa.

Ljóst er að Borgarskjalasafn þarf að vinna að stefnumótun söfnun einkaskjalasafna sem og söfnunarátaki yngri skjalasafna. Markmiðið er að varðveita heimildir um sögu og mannlíf borgarinnar og gefa sem fjölbreyttustu mynd af fortíðinni.

Lagt er til að fara í eftirfarandi aðgerðir:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Stefnumótun	Útbúa stefnu fyrir söfnun einkaskjalasafna	Svanhildur Bogadóttir, borgarskjalavörður	31. janúar 2023
Skjöl yngri hópa	Auglýsing, greinarskrif, kynningar	Finnur Jónasson, teymisstjóri	28. febrúar 2023
Ársskýrsla	Árleg greining og söfnun gagna		

Þjónustuver

Haustið 2022 var farið í þá vinnu að greina kyn þeirra sem sækja sér þjónustu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar. Skoðaðar voru afgreiðslur hjá þrem þjónustufulltrúum í síma, netspjalli og afgreiðslum í þjónustuveri í samtals þrjár vikur. Markmiðið var að skoða hvernig skiptingin er milli karla og kvenna og bera kennsl á tækifæri til umbóta. Það voru ákveðnar takmarkanir þar sem almennt er ekki gerð krafa um að tilgreina sitt kyn þegar haft er samband við þjónustuver. Tæknilega var það að ekki er CRM kerfi í þjónustuveri né tenging við þjóðskrá. Greiningin byggir því á mati greiningaraðila á kyni viðkomandi en notast var við skráningu í þjóðskrá þegar kennitala var gefin upp. Starfsfólk var því í raun að giska á kyn þjónustuega út frá þáttum eins og nafni eða útliti, og greiningin takmarkast við tvö kyn, kvenkyn og karlkyn.

Nokkuð jöfn skipting er á milli þeirra sem höfðu samband á tímabilinu í síma, netspjalli og afgreiðslu eða 48,7% konur á móti 51,3% karla. Skipting þeirra sem höfðu samband í gegnum síma og í aðalnúmer borgarinnar var jöfn eða 50% fyrir bæði karlkyn og kvenkyn. Stór hluti símtala til þjónustuvers kemur þó í gegnum sér númer barnaverndar og mikill meiri hluti þeirra sem hafa samband eru konur. Þetta hefur áhrif á dreifinguna og ef báðar línur eru skoðaðar þá eru fleiri konur sem hafa samband við þjónustuver í síma og eru þær 57,2% á móti 42,8% karla. Í netspjalli og afgreiðslu þá eru karlmenn í meirihluta eða 55% þeirra sem hafa samband í netspjalli og rúmlega 78% í afgreiðslu. Mikill meirihluti karlmanna sem koma í afgreiðslu skýrist af því að að stærstur hluti þeirra sem koma í afgreiðslu í þjónustuveri eru að fá þjónustu vegna málefna USK sem eru meirihluta karlmenn óháð gáttum eða 68,9%.

Ef skoðuð er skipting eftir sviðum þá voru svipaðar niðurstöður í öllum gáttum þar sem konur hafa almennt meira samband vegna málaflokka eða erinda hjá SFS, VEL og PON en fleiri karlmenn hafa samband vegna málaflokka USK og SBB. Niðurstöðurnar endurspeglar hefðbundin kynjahlutverk í samfélaginu, þar sem konur sinna erindum tengdum börnum og velferð en karlar sinna skipulagsmálunum.

Eftirfarandi markmið og aðgerðir eru lagðar fram:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð og eftirfylgni	Tímarammi
Gera það sem í okkar valdi stendur til að brjóta upp samfélagslegar staðalmyndir um hlutverk og hegðun kynjanna	Auglýsingar um þjónustu SFS og VEL á samfélagsmiðlum sem höfða til karlmannna og benda þeim á þjónustuna sem er í boði og hvernig sé hægt að hafa samband við þjónustuver. Auglýsingar um þjónustu USK á samfélagsmiðlum sem höfða til kvenna og benda þeim á þjónustuna sem er í boði og hvernig sé hægt að hafa samband við þjónustuver.	Elísabet Ingadóttir Í samráði við ábyrgðaraðila á fagsviðunum og upplýsingafulltrúa.	2023-2024
Fjölbreyttari hóp þjónustufulltrúa í þjónustuveri.	Áhersla þarf að vera í ráðningarferli að fá fjölbreyttari hóp einstaklinga í teymið þegar horft er til kyns og jaðarhópa í þjónustuverið. Skoða þarf móttöku og þjálfun og hvernig við aðlögum vinnuumhverfið að þeirra þörfum.	Elísabet Ingadóttir	Áframhaldandi áhersla næstu 3 árin
Greining milli kynja við tölfraeðivinnslu	Koma á reglulegum greiningum til þjónustuþega þar sem skoðað er sérstaklega hlutfall kynja niður á einstaka þjónustu og svið. Eins að skoða stöðu jaðarhópa og aðgengi að þjónustu.	Elísabet Ingadóttir	2023-2024
Tryggja að allar upplýsingar um þjónustu þjónustuvors séu aðgengilegar á íslensku, ensku og pólsku og þýðingarmöguleiki á fleiri tungumál.	Fara yfir upplýsingar á vefsíðu um þjónustu og opnunartíma. Fara yfir upplýsingar um aðgengismál og að þær séu aðgengilegar þeim sem þurfa á þeim upplýsingum að halda. Setja upplýsingar á fleiri tungumálum í tilkynningar á vef, á netspjalli og á símsvara.	Elísabet Ingadóttir	2023

Borgin okkar - íbúaráðsstyrkir

Á hverju ári er auglýst eftir verkefnum og viðburðum sem ætlað er að stuðli að auknu mannlífi, menningu, félagsauði og lífsgæðum í hverfum Reykjavíkur. Samkvæmt upplýsingum á vef borgarinnar er lagt upp með að verkefnin sem sótt er um styrk fyrir höfði til allra aldurshópa og hafi skírskotun til fjölbreyttra hópa fólks.

Íbúaráð Reykjavíkur búa hvert og eitt yfir fjármunum sem miðast við fjölda íbúa, hver og einn sækir um til hvers íbúaráðs. Tekið er fram hve háum styrk er óskað eftir og íbúaráðin samþykkja umsóknir eða hafna þeim og meta fjármagn sem hver og einn fær.

Styrkveitingar og umsóknir sem fjallað er um byggja á umsóknatímabili 8. – 24. apríl 2022, ásamt því að bornar eru saman úthlutanir áranna 2020, 2021 og 2022.

Kynjahlutföll annars vegar umsóknaraðila fyrir hönd félaga og kynjahlutföll umsækjenda í einstaklingsverkefnum sýna að konur eru í meirihluta einstaklinga en karlar í meirihluta þeirra sem sækja um fyrir hönd félaga.

Sé litið á hlutfall íslenskra umsækjenda og erlendra umsækjenda er hlutfall umsókna á öðru tungumáli en íslensku mjög lágt. Þetta gefur til kynna að auglýsingar um borgina okkar séu ekki að ná til fólks af erlendum uppruna/innflytjenda.

Það er brýnt að auglýsa Borgin okkar styrkina, á fleiri tungumálum og gæta þeir nái eyrum fleira íbúa. Auk þess að þær séu birtar á stöðum þar sem líklegast er að sem fjölbreyttastur hópur sjái þær.

Eftirfarandi markmið og aðgerðir eru lagðar til:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Ná til fólks af erlendum uppruna	Auglýsa hverfissjóð á fleiri stöðum og fleiri tungumálum	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Upplýsingadeild	Þegar farið verður að auglýsa hverfissjóð næst
Gera hverfissjóð aðgengilegan fötluðu fólki	Auglýsingar á auðlesnum texta Umsóknareyðublað á auðskildum texta Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa getur boðið fram aðstoð við að fylla út umsóknareyðublaðið	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Upplýsingadeild	Þegar farið verður að augljósa sjóðinn
Ná til fleira fólks	Hengja upp plaköt við inngang í sundlaugar, í hverfamiðstöðvum og hjá íþróttafélögum	Upplýsingadeild Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	Þegar farið verður að augljósa sjóðinn
Ná til fjölbreyttari hóps	Hengja upp plaköt í moskum, dagdvölum eldra fólks og í framhaldsskólum	Upplýsingadeild Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	Þegar farið verður að auglýsa sjóðinn
Safna upplýsingum um umsækjendur	Skrá kyn, uppruna, fötlun o.s.frv. um leið og umsóknir berast	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	Um leið og umsóknir berast
Skrá hvaða umsóknir eru samþykktar	Skrá kyn, uppruna, fötlun o.s.frv. umsóknaraðila þegar umsóknir eru samþykktar eða hafnað	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	Um leið og umsóknir eru afgreiddar í íbúaráðum
Umsækjendur færi rök fyrir hvernig verkefni samræmist mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar	Hafa skýrari spurningu um mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar í umsóknareyðublaði	Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa	Áður en opnað er fyrir umsóknir

Jafnréttisskimun og jafnréttismat

Jafnréttisskimun og jafnréttismat eru hluti af vinnu við kynjaða fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Við forgangsröðun í fjárhags- og starfsáætlunargerð er mikilvægt að gæta að hagkvæmri nýtingu fjármuna í samræmi við jafnréttismarkmið borgarinnar og ólíkar þarfir einstaklinga. Framkvæmd jafnréttisskimunar og jafnréttismats nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning og skipulag vinnu.

Samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar, sem samþykktar voru í borgarstjórn 1. desember 2015, skal greina jafnréttisáhrif m.t.t. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar á tillögum (viðaukum) sem lagðar eru fram um breytingar á samþykktri fjárhagsáætlun, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar fjárheimilda. Skima á allar tillögur sem hafa fjárhagsleg áhrif, hvort heldur sem er vegna viðauka, fjárfestinga eða fjárhagsáætlunar komandi árs.

Með jafnréttisskimun eru metin með einföldum hætti áhrif tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin er greiningartæki sem auðveldar stjórnendum og kjörnum fulltrúum að forgangsráða ráðstöfun fjármuna með tilliti til þess að stuðla að jafnrétti. Jafnréttismat er dýpri greining á jafnréttisáhrifum. Fá skimuð tillaga brautargengi, getur verið ástæða til þess að vinna jafnréttismat á verkefninu eða þjónustupættinum sem það varðar í heild sinni.

Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2022-2026

Í febrúar 2021 var kallað eftir gögnum vegna undirbúnings komandi fjárhagsáætlunar, þar á meðal jafnréttisskimunum á skuldbindingum og áhættum í rekstri. Ekki var unnt að draga fram tölfræði um jafnréttisskimun vegna verkefna sem enduðu í fjárhagsáætlun að svo stöddu, en markmiðið er að slíkt yfirlit verði gert héðan í frá.

Fjárfestingaráætlun

Í mars 2021 var kallað eftir tillögum að fjárfestingaverkefnum fyrir árið 2022. Tillögum að fjárfestingaverkefnum skal fylgja rökstuðningur um þörf verkefnisins ásamt jafnréttisskimun fyrir hvert verkefni sem óskað er eftir að fari á fjárfestingaráætlun. Ekki var unnt að draga fram tölfræði um jafnréttisskimun vegna verkefna sem enduðu í fjárfestingaráætlun að svo stöddu, en markmiðið er að slíkt yfirlit verði gert héðan í frá.

Viðaukar við samþykktu fjárhagsáætlun 2022

Samkvæmt reglum Reykjavíkurborgar um gerð fjárhagsáætlunar skal breytingum á fjárhagsáætlun (viðauka) fylgja greinargerð sem m.a. varpar ljósi á áhrif tillögunnar á kynin og þá hópa sem mannréttindastefna borgarinnar tekur til. Í greiningunni skal huga bæði að hagsmunum notenda þjónustu og þeirra sem veita hana nema í þeim undantekninga tilvikum þar sem slíkt mat á ekki við.


Samþykkt hefur verið að eftirfarandi sé undanþegið jafnréttisskimun:

- Verkefni/Tillögur sem bera kostnað undir 4 m.kr.
- Kjarasamningsbundnar launahækkanir og endurmat starfa
- Flutningur á afgangi og halla
- Flutningur fjárheimilda milli þjónustupátta/sviða, ef ekki er um að ræða eðlisbreytingu á verkefni/þjónustu
- Breyting/endurmat á tekjum frá þriðja aðila t.d. jöfnunarsjóð, ríki
- Breyting/endurmat á skuldbindingum við þriðja aðila (þ.m.t. B-hlutafélög), ef undirliggjandi samningur gefur tilefni til að fjárhæðir geti breyst í samræmi við ákveðnar forsendur, t.d. launavísitölu, verðbólgu, gjaldskrárbreytingar ytri aðila, en skuldbinding/samningur er að öðru leyti óbreytt/-ur
- Magnbreytingar/magntölur í þegar samþykktum verkefnum/þjónustupáttum geta verið undanþegnar jafnréttisskimun, t.d. fjölgun barna í skólum/leikskólum. Magnbreytingar geta verið ólíkar og því eðlilegt að eftirlitsaðili geti óskað eftir jafnréttisskimun vegna þessara breytinga telji hann þörf á
- Breytingar á fjárfestingaáætlun ef ekki er um að ræða eðlisbreytingu á verkefni/þjónustu eða flutning milli þjónustupátta/sviða

Breytingar á samþykktu fjárhagsáætlun A hluta Reykjavíkur 2022 námu samtals 14.783.287 þús. kr. Alls voru gerðir 89 viðaukar við samþykktu áætlun 2022, sjá töflu 3. Sumir viðaukar eru undanþegnir jafnréttisskimun (sbr. undanþágulista). Þegar undanþegnir Viðaukar (51) eru dregnir frá þá ætti að skima 38 viðauka samtals að upphæð 1.855.565 þús. kr. Framkvæmdar voru skimanir á 37 (97%) af þessum viðaukum að upphæð 1.832.715 þús. kr., eða sem nemur 99% af heildar upphæðinni.

Þær breytingar á verklagi sem farið var í samkvæmt tillögu starfshóps um endurskoðun á framkvæmd jafnréttisskimana hafa því skilað góðum árangri, en aðeins 65% af upphæð samþykktu viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2021 voru skimaðir, samanborið við 99% af upphæð samþykktu viðauka við fjárhagsáætlun ársins 2022.

Þegar viðaukar eru rýndir með tilliti til þess hversu vel gengur að stuðla að jafnrétti við úthlutun fjármagns má sjá að langstærstur hluti er talinn hafa jákvæð jafnréttisáhrif eða hafa jákvæð áhrif á jaðarsetta hópa, eða 68% af upphæð viðaukanna.



Mynd 3. Viðaukar við samþykktu fjárhagsáætlun 2022 eftir niðurstöðu jafnréttisskimunar (undanþegnir viðaukar undanskildir).

Önnur verkefni

Tillögur starfshóps um framtíðar skipulag og framkvæmd jafnréttisskímunar og jafnréttismats – Staða aðgerða

Stýrihópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun samþykkti á fundi sínum þann 22. janúar 2021 að stofnaður yrði starfshópur sem hefði það hlutverk að yfirfara og endurskipuleggja verklag og framkvæmd jafnréttisskímunar og jafnréttismats. Starfshópurinn starfaði á tímabilinu 1. mars til 31. maí 2021. Á fundi borgarráðs þann 20. janúar 2022 var skýrslan og tillögurnar sem þar eru settar fram samþykktar og unnið er að því að koma þeim í framkvæmd. Flestar tillögurnar, eða tólf, hafa verið innleiddar en fimm tillögur eru ennþá í vinnslu en langt komnar. Tillögurnar og stöðu innleiðingar þeirra má sjá í töflu 2.

Tafla 2. Yfirlit yfir tillögur starfshóps og stöðu á innleiðingu þeirra.

Nr.	Flokkur	Tillaga	Ábyrgð	Staða
1	Rafvæðing jafnréttisskímunar	Eyðublað jafnréttisskímunar verði rafvætt	Verkefnastýra KFS	Í vinnslu
		Upplýsingar um framkvæmd jafnréttisskímanna sniðnar inn í Agresso	Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST	Lokið
		Reit bætt í Excel skjal fjárfestingaráætlunar þar sem niðurstaða jafnréttisskímunar er flokkuð svk. ákveðnum valmöguleikum	Eignaskrifstofa FÁST	Lokið
2	Leiðbeiningar og fræðsla	Uppfærðar leiðbeiningar með jafnréttisskímun og jafnréttismati	Verkefnastýra KFS	Lokið
		Útbúið verði verkfærakista á Fróða sem starfsfólk getur leitað í	Verkefnastýra KFS	Lokið
3	Sniðmát fyrir jafnréttismót	Útbúið verði sniðmát fyrir jafnréttismót	Verkefnastýra KFS	Lokið
4	Undanþágulistar	Ákveðin atriði séu undanþegin jafnréttisskímunum	Stýrihópur KFS	Lokið
5	Eftirlit og endurgjöf	Kveðið sé á um að jafnréttisskímanir eigi að fylgja málum þegar þau fara fyrir borgarráð. Skrifstofa borgarstjórnar sér til þess að verklaginu sé fylgt, með því að kalla eftir skímunum þegar þær fylgja ekki með málum.	Skrifstofa borgarstjórnar	Í vinnslu
		Eignaskrifstofu FÁST verði falið að útfæra eftirlit með því að jafnréttisskímanir fylgi fjárfestingartilögum sviða, ásamt því að skrifstofan skili árlega gögnum til verkefnastýru KFS	Eignaskrifstofa FÁST	Í vinnslu
		Áætlana- og uppgjörsskrifstofu á fjármála- og áhættustýringasviði verði falið að útfæra eftirlit með að jafnréttisskímanir fylgi með rýningu á skuldbindingum og mati á helstu áhættum í rekstri sviða og viðaukum við fjárhagsáætlun, ásamt því að skila árlega gögnum til verkefnastýru KFS.	Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST	Komið í verklag
		Verkefnastýra KFS fer árlega yfir allar skímanir og jafnréttismót og rýnir innihald skímananna frá hverju sviði. Í kjölfarið er svo fundur með hverjum KFS starfshóps þar sem veitt er endurgjöf um hvað er vel gert og hvað mætti gera betur.	Verkefnastýra KFS	Komið í verklag
6	Ábyrgð og verkaskipting	Starfshópurinn leggur til að skjalfesta ákveðna ábyrgð og verkaskiptingu	Stýrihópur KFS	Lokið
		Verkefnastýra KFS flytji ótímabundið á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.	Sviðsstjóri FÁST	Lokið
		Til að styrkja framkvæmd KFS innan skrifstofa ráðhúss er lagt til að skrifstofur ráðhúss sameinist um að stofna starfshóp líkt og er á hverju fag- og kjarnasviði.	Stýrihópur KFS	Lokið
7	Miðlægt svæði KFS	KFS fái sér svæði inná Fróða þar sem allar leiðbeiningar, eyðublað, sniðmát, fræðsla, ferlar, ársskýrsla, handbók, upplýsingar um stýrihóp, starfshópa og verkefnastýru og aðgangur að rafvæddum jafnréttisskímunum er á einum stað aðgengilegt fyrir starfsfólk	Verkefnastýra KFS	Lokið
8	Ferlar	FÁST og verkefnastýra KFS hafi umsjón með og uppfæri reglulega alla ferla í samræmi við breytt KFS verklag	Áætlana og uppgjörsskrifstofa FÁST og verkefnastýra KFS	Í vinnslu
		Ferill jafnréttisskímanna og -mata verði teiknaður upp með skýrum hætti	Verkefnastýra KFS	Í vinnslu
		Ábending: Tækifæri eru til að skrifa verkferli og markmið KFS betur inn í reglur um gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborgar og fjármálastefnu	Stýrihópur KFS	n/a

Bekkingarkista um kynja- og jafnréttissjónarmið í loftslagsmálum

Sótt var um styrk í Nýsköpunarsjóð námsmanna fyrir verkefnið Réttlát umskipti á leiðinni til kolefnishlutleysi sem var unnið sumarið 2022 af Brynhildi Hallgrímsdóttur, nemandi í hagnýtum jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands.

Miðaði verkefnið að því að kortleggja kynja- og jafnréttissjónarmið sem horfa þarf til samhliða þróun Reykjavíkurborgar í átt að kolefnishlutleysi. Verkefnið var unnið með áherslu á margbreytileikasjónarmið mannréttindastefnu borgarinnar. Leitast var eftir því að svara hvernig hægt væri að taka betur mið af kynja- og jafnréttissjónarmiðum við stefnumótun og áætlanagerð í umhverfis- og loftslagsmálum á Íslandi. Til að svara því fór fram yfirgripsmikil öflun og greining fyrirbyggjandi þekkingar, s.s. fræðigreinar og skýrslur sem voru þegar til um kynja- og jafnréttissjónarmið í umhverfis- og loftslagsmálum. Næst var efnið kortlagt og flokkað eftir áherslusviðum sem byggðu á áætlunum Reykjavíkurborgar og íslenskra stjórnvalda í umhverfis- og loftslagsmálum. Niðurstöðurnar voru síðan flokkaðar í fimm áherslusvið og undirflokkar; Venjur og hegðun, samgöngur, ríkjandi gildi og stefnur hins opinbera, atvinnu og náttúruvá. Efnið er síðan greint eftir þeim kynja- og jafnréttissjónarmiðum sem þarf að hafa til hliðsjónar. Að lokum var búin til [þekkingarkista](#) innan vefsíðu Reykjavíkurborgar þar sem niðurstöðurnar voru birtar eftir áherslusviðum og undirflokkum.

Niðurstöður verkefnisins voru kynntar á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 7. September og á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnaráðs þann 8. September, ásamt því að haldið var erindi um verkefnið á Þjóðarspeglinum 2022.

Upplýsingabrunnur fyrir starfsfólk

Starfsfólk fag- og kjarnasviða borgarinnar gegnir mikilvægu hlutverki þegar kemur að framkvæmd KFS, m.a. hvað varðar greiningar á þjónustuþáttum og vinnslu jafnréttisskimana og jafnréttismata. Þjálfun og fræðsla starfsfólks sem kemur að framkvæmd KFS með einum eða öðrum hætti þarf að vera eins skilvirk og kostur er þannig að allt starfsfólk Reykjavíkurborgar vinni með skipulögðum hætti að sameiginlegu jafnréttismarkmiði sem tryggir það að íbúum borgarinnar sé ekki mismunað á grundvelli kyns, aldurs, kynþáttar, kynhneigðar, kynvitundar, fötlunar, uppruna, menntunar, samfélags- eða hjúskaparstöðu eða annarrar stöðu.

Á árinu 2022 var unnið ýmsilegt efni um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun svo sem leiðbeiningar, fræðsla og sniðmát, sem var komið fyrir á skipulegan hátt á Workplace og Fróða þar sem er auðvelt fyrir starfsfólk borgarinnar að nálgast allar þær upplýsingar og stuðning sem þau þurfa á að halda er varðar framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Upplýsingabæklingur sendur á kjörna fulltrúa

Eftir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2022 tóku til starfa fjölmargir nýjir kjörnir fulltrúar. Þar sem kjörnir fulltrúar gegna mikilvægu hlutverki þegar kemur að því að tryggja að ákvarðanir séu teknar með upplýstum hætti og með hliðsjón af kynja- og jafnréttissjónarmiðum þótti mikilvægt að upplýsa þau um verklagið. Ákveðið var á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnaráðs þann 22. september að útbúa upplýsingabækling fyrir kjörna fulltrúa og senda þeim hann í tölvupósti. Bæklingurinn er einnig aðgengilegur á [vefsíðu borgarinnar](#).

Í bæklingnum er að finna upplýsingar um framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg, en bæklingnum var ætlað að auka þekkingu og skilning kjörinna fulltrúa á mikilvægi þess að greina öflun og ráðstöfun opinbers fjármagns eftir kynja- og jafnréttissjónarmiðum, ásamt því að varpa ljósi á það hlutverk sem kjörnir fulltrúar gegna þegar kemur að framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Ábendingar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu

- **Greiningar þjónustupáttá:** Frá árinu 2012 hefur verið unnið að því að greina alla þjónustu borgarinnar með aðferðafræði KFS. Upphaflega var gert ráð fyrir að þeirri vinnu myndi ljúka fyrir árið 2018, en það er ekki raunin. Greining þjónustupáttá hefur gengið hægar en vonast var til, og var t.d. lítið um greiningar þjónustupáttá árin 2019 og 2020. Talsvert hefur verið um að smærri verkefni innan ákveðinna þjónustupáttá hafi verið tekin til greiningar. Mikilvægt er að finna leiðir til að takast á við jafnréttisgreiningu stærri þjónustupáttá með markvissum hætti og að niðurstöðum greininga sé fylgt eftir. Sett hefur verið upp miðlægt skjal, mælaborð, þar sem gert er ráð fyrir að fag- og kjarnasvið setji þær aðgerðir sem ráðist er í eftir greiningar þjónustupáttá og uppfæri stöðu þeirra aðgerða reglulega.
- **Kyngreind gögn:** Aðgengi að kyngreindum gögnum heldur áfram að vera áskorun. Mikilvægt er að taka gagnamál Reykjavíkurborgar föstum tókum og stuðla að bættu aðgengi að kyngreinanlegum gögnum. Í þessu skyni má vísa til 29. greinar laga um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna (nr. 150/2020) en þar er fjallað um greiningu á tölfræðiupplýsingum og kveðið á um að *opinberir aðilar leitist við að greina á milli kynja við alla tölfræðivinnslu nema sérstakar ástæður, svo sem persónuverndarhagsmunir, mæli gegn því*. Nú er unnið að sjálfvirknivæðingu kjarnakerfa borgarinnar og vöruhúsi gagna, en þar eru mikil tækifæri til að stuðla að bættu aðgengi að kyngreindum gögnum.
- **Framkvæmd jafnréttisskimana:** Frá árinu 2018 hefur markvisst verið unnið að því að innleiða jafnréttisskimun sem verkfæri til að tryggja að farið sé yfir jafnréttisáhrif og –sjónarmið við gerð allra tillagna sem hafa fjárhagsleg áhrif. Skima á allar tillögur sem hafa fjárhagsleg áhrif, hvort heldur sem er vegna viðauka, fjárfestinga eða fjárhagsáætlunar komandi árs. Mikilvægt er að komið sé á skilvirkri eftirfylgni með því að verklaginu sé ávallt fylgt, líkt og starfshópur um endurskoðun á framkvæmdinni benti á.
- **Framkvæmd jafnréttismats:** Ef tillaga er talin hafa jafnréttisáhrif samkvæmt niðurstöðum jafnréttisskimunar er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat fái hún áframhaldandi pólitískt brautargengi. Síðan jafnréttisskimun var tekin upp hefur sjaldan verið talin þörf á að framkvæma dýpra jafnréttismat í kjölfarið, sem sést á því að árið 2022 virðast ekki hafa verið framkvæmd nein jafnréttismöt í kjölfar skimana. Nú er unnið að innleiðingu tillagna starfshóps um endurskoðun á framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismats þar sem skert er á þessu verklagi.
- **Mat á innihaldi eða gæðum jafnréttisskimana:** Umfjöllun í greinargerð þessari tekur einungis mið af innleiðingu á verklagi við jafnréttisskimun á árinu 2022. Ekki er fjallað um innihald skimananna og hversu vel sé staðið að því að stuðla að auknu jafnrétti við gerð fjárhagsáætlunar. Sé lítið til framtíðar er þó mikilvægt að þróa greiningartæki og mælikvarða sem hægt er að nota til að árangursmeta jafnréttisskimanir og jafnréttismöt. Gert er ráð fyrir því að frá árinu 2023 sjá verkefnastýra KFS um að gefa fag- og kjarnasviðum endurgjöf á innihald skimana, ásamt því að áhersla verður lögð á fræðslu. Þá er unnið að rafrænu viðmóti skimunar ásamt Power Bi mælaborði, þar sem væri einnig hægt að fletta upp öllum skimunum.
- **Ákvarðanatöku:** Óljóst er hvort niðurstöður jafnréttisskimana og jafnréttismats hafi áhrif á ákvarðanatöku. Finna þarf leiðir til að stuðla að því að niðurstöður jafnréttisskima og jafnréttismats séu hafðar til hliðsjónar við ákvarðanatöku. Unnið er að innleiðingu á breyttu skipulagi þessu tengt og skert hefur verið á ábyrgð hinna ýmsu aðila er koma að KFS, þar með talið fagráð borgarinnar, borgarráð og borgarstjórn. Auk þess var bæklingur sendur á kjörna fulltrúa haustið 2022, eftir að ný borgarstjórn tók við eftir sveitarstjórnarkosningarnar.
- **Fræðsla og stuðningur:** Mikilvægur þáttur í innleiðingu KFS er þekking og viðhorf starfsfólks. Settur hefur verið upp upplýsingabrunnur sem er uppfærður reglulega ásamt því að verið er að útbúa rafræna fræðslu sem verður aðgengileg starfsfólki á nýja fræðslutorgi borgarinnar. Jafnframt er ætíð hægt að óska eftir ráðgjöf eða fræðslu hjá verkefnastýru KFS.

- **Kynja- og jafnréttissjónarmið:** Líkt og starfshópur um endurskoðun á framkvæmd jafnréttisskimana og jafnréttismati (2021) benti á þá er mikilvægt að kynja-og jafnréttissjónarmið séu höfð til hliðsjónar strax frá upphafsstigun verkefna. Jafnréttisskimun er gjarnan gerð fremur seint í ferlinu, jafnvel í blálokin, og erfitt getur reynst að breyta verkefnum þegar þau eru langt komin. Því er mikilvægt að borgin móti sér verklag t.d. þegar kemur að stefnumótun, þar sem þessi sjónarmið eru höfð til hliðsjónar strax frá upphafi og út allt ferlið.

Viðauki I. Greinargerðir fag- og kjarnasviða um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun með fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2022

Íþrótt- og tómstundasvið

ÍTR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir íbúum Reykjavíkur og nágrennis nýtist öllum hópum, tekið sé tillits til mismunandi þarfa og sé ávallt í samræmi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru helst greining þjónustupátta með aðferðafræði KFS. Þegar er búið að greina aðsókn í sundlaugar, þátttöku barna í skipulögðu starfi, fjárfestingu vegna Íþróttamannvirkja, aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarð, þátttöku í Músíktilraunum og ráðningar í sumarstörf. Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að ávallt sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt. Með því er hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn og sjá hvort bregðast þurfi við halla. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðarfræðinnar á sviðinu. Allir stjórnendur á sviðinu hafa fengið kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð á árinu 2023. Á sviðinu hefur verið gert jafnréttismat og jafnréttisskimun fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

Mannauðs- og starfsumhverfissvið

Mannauðs- og starfsumhverfissvið leggur áherslu á að þjónusta sviðsins sé í samræmi við jafnlaunastefnu og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Eitt helsta tæki í innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg er jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum við samþykktu fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna á áætlun komandi árs. Jafnréttisskimuninni var beitt á allar tillögur sem lagðar voru fram frá mannauðs- og starfsumhverfissviði á árinu 2022. Með því að koma jafnréttisskimun inn í verkferli í áætlunarvinnu er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynjasamsetningu og jaðarsettum hópum. Greining þjónustupátta er forsenda þess að hægt sé að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna á sviði mannauðsmála með hagsmuni alls starfsfólks að leiðarljósi. Með því að afla upplýsinga um framangreint er grunnurinn lagður að réttlátri dreifingu fjármuna og gæða með tilliti til þarfa starfsfólks. Þau verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu eru markvissar launagreiningar, jafnlaunavottun og sérstaklega hafa verið greindar leiðir til að útrýma launamun á grundvelli ríkisfangs. Framundan er frekari greining á ákveðnum þjónustupáttum sviðsins með aðferðafræði KFS og á árinu 2023 verður unnið að greina framboð og þátttöku í fræðslu samhliða innleiðingu á fræðslukerfi.

Menningar- og ferðamálasvið

Vinna við innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) hófst árið 2012 á menningar- og ferðamálasviði og hefur sviðið farið í margar greiningar á þjónustupáttum sviðsins. Á sviðinu er starfræktur starfshópur um verkefnið og er hann leiddur af verkefnastjóra á miðlægri skrifstofu. Starfshópurinn sér um að greina þjónustupætti sviðsins í samvinnu við verkefnastjóra KFS á mannréttindaskrifstofu borgarinnar.

Nú liggur fyrir að greiningar sviðsins þurfa að taka til fleiri kynja en karla og kvenna og munu allar greiningar taka mið af því, en laga þarf gagnasöfnun til að bæta þar úr. Eins þarf að endurskoða gagnasöfnunina þar sem vilji til að skoða fleiri þætti mannréttindastefnunnar, s.s. uppruna, tungumál, fötlun og fleira en gagnasöfnunin á þeim þjónustupáttum sem hafa verið greindir til þessa nær ekki utan um þessa þætti.

Á árinu 2023 liggur fyrir að greina Keychange verkefni Tónlistarborgarinnar í Reykjavík. Keychange skuldbindingin (e. pledge) er alþjóðlegt verkefni þar sem tónlistarfyrirtæki og -verkefni skuldbinda sig til kynjajafnréttis og stefna að því að hlutur kvenna og annarra kyngerva verði jafn á við hlut karla í þeirra starfsemi. Tónlistarborgin skrifaði undir skuldbindinguna árið 2020.

Þá liggur einnig fyrir árið 2023 að greina þátttöku og ánægju barna og ungmenna eftir kynjum í skipulögðum viðburðum menningarstofnana og bera saman við gögn frá árunum 2014 og 2017. Árið 2014 kom í ljós að strákar voru ekki eins ánægðir með heimsóknir eins og stelpur og var farið í ýmsar aðgerðir til að leiðrétta þennan halla. Niðurstöðurnar árið 2017 voru nokkuð jafnar milli kynja og er von sviðsins að það hafi haldist.

Skóla- og frístundasvið

Vegna allra nýrra liða þar sem sóst hefur verið eftir nýjum fjárheimildum hefur verið gerð skimun samkvæmt gátlista um jafnréttisskimun. Vinnsla KFS í tengslum við fjárhagsáætlun var unnin í samræmi við verklagsreglur og leiðavísi um jafnréttismat. Með því að koma KFS skimun inn í verkferli í áætlun er stefnt að því að tryggja á sem bestan hátt að skoðun hafi farið fram á hvort og hvaða áhrif er að finna bæði gagnvart kynsamsetningu og jaðarsettum hópum. Áfram verður unnið að innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) með það að markmiði að bæta þjónustuna og dreifa fjármagni og gæðum á réttlátan hátt með tilliti til þarfa barna og unglinga. Með það að leiðarljósi er nú unnið markvisst að greiningu á þjónustubáttum sviðsins.

Umhverfis- og skipulagssvið

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustubátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að fylgja þeim tímaramma sem við settum upp fyrir árið 2022 þá skilaði verkefnahópurinn greiningu á þjónustubáttum Bílastæðasjóðs. Einnig skilaði starfshópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins.

Þjónustubættir til KFS greiningar 2023	Ábyrgðaraðili	Greiningar - tímabil (frá - til)
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds	Sviðsstjóri	Janúar – Apríl 2023
Heilbrigðiseftirlit	Sviðsstjóri	Apríl – Maí 2023
Rekstur hverfahluta austur og vestur	Sviðsstjóri	September – Desember 2023

Velferðarsvið

Sviðsstjóri velferðarsviðs skipaði þriggja manna starfshóp til að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS) á sviðinu, samkvæmt reglum um gerð fjárhagsáætlunar. Markmið KFS er að stuðla að aukinni skilvirkni, gagnsæi og betri nýtingu á opinberu fé. Lagðar eru til úrbætur komi í ljós að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda mæti ekki áherslum um jafnrétti kynjanna. Greiningar á þjónustubáttum sviðsins og niðurstöður rýninga hafa leitt í ljós að þjónusta hefur í meginráttum verið í samræmi við mismunandi þarfir kynjanna og jaðarsettra hópa.

Velferðarsvið hefur jafnréttisskimað og metið fjárfestingar- og fjárhagsáætlun sviðsins frá árinu 2018 og að auki eru allar tillögur velferðarráðs jafnréttisskimaðar. Frá því að innleiðing hófst á árinu 2011 hefur velferðarsvið tekið fullan þátt og lokið rýningu allra þjónustubátta.

Fjármála- og áhættustýringasvið

Vegna ólíkrar stöðu borgarbúa, eftir kyni og öðrum breytum, hefur tekjuöflun og ráðstöfun á fjármunum borgarinnar mismunandi áhrif á tækifæri þeirra til lífs og leiks, vinnu og menntunar. Kynjuð fjárhagsáætlun tekur mið af mismunandi stöðu fólks og leitast eftir því að þjónusta og gæði mæti mismunandi þörfum sem best. Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við alla fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að auknu jafnrétti. Kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun hjá Reykjavíkurborg er stýrt í samvinnu milli fjármála- og áhættustýringasviðs og mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.

Helstu verkfæri í framkvæmd kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg eru annars vegar greining þjónustubátta og hins vegar jafnréttisskimun og jafnréttismat á breytingartillögum á samþykktri fjárhagsáætlun og vegna nýrra verkefna í áætlun komandi árs. Í upphafi árs 2021 var skipaður starfshópur sem hafði það hlutverk að endurskoða framkvæmd og skipulag jafnréttisskimunar og jafnréttismats. Fulltrúi frá fjármála- og áhættustýringasviði tók þátt í vinnunni ásamt því að verkefnisstjóri KFS, sem nú er staðsett á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, stýrði starfi hópsins. Starfshópurinn skilaði af sér tillögum að framtíðarskipulagi um mitt ár 2021 sem unnið er að því að innleiða.

Pólitískur stýrihópur hefur það meginverkefni að skilgreina hvert Reykjavíkurborg stefnir í innleiðingu kynjaðra fjármála og skilgreina framtíðarsýn, áherslur og meginmarkmið. Á fag- og kjarnasviðum borgarinnar eru starfræktir starfshópar sem hafa það hlutverk að fylgja eftir greiningu þjónustubátta og vinnslu jafnréttisskimana og – mata á sínu sviði.

Á fjármála- og áhættustýringasviði er starfræktur starfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun á sviðinu.

Reykjavíkurborg hefur átt í góðu samstarfi við innlenda sem og erlenda aðila varðandi vinnu við kynjaða fjárhagsáætlun. Sem dæmi má nefna samstarf við Háskóla Íslands varðandi greiningar á verkefnum sem tengjast innleiðingu borgarinnar á KFS. Undirritaður hefur verið samningur um áframhaldandi samstarf á þessu sviði.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Markmið þjónustu- og nýsköpunarsviðs með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu. Jafnréttisskimun er orðin sjálfsagður hlutur í ákvörðunarferli um ný verkefni auk þess sem byggt er á niðurstöðum skimunar við forgangsröðun fjármagns í stafrænni vegferð og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða. Á árinu 2023 verður unnið út frá samþykktri áætlun um greiningu á þjónustubáttum, með tilliti til dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem verður greindur að þessu sinni snýr að úthlutun tölvu- og hugbúnaðar til starfsfólks.

Viðauki II. Áætlanir fag- og kjarnasviða um greiningar, framkvæmd og eftirlit KFS

Íþrótt- og tómstundasvið

Inngangur – yfirlit yfir stöðu innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar

ÍTR leggur áherslu á að sú þjónusta sem sviðið veitir nýtist öllum hópum, tekið sé tillit til mismunandi þarfa og þjónusta sé ávallt í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Þau verkefni sem hafa verið unnin á sviðinu með aðferðafræði KFS eru helst greining þjónustupáttar.

Þegar farið er í ný verkefni á sviði upplýsingatækni er þess gætt að alltaf sé hægt að nálgast gögn á kyngreinanlegan hátt og því hægt að skoða kynjuð tölfræðigögn. Tækifærin framundan liggja í útbreiðslu aðferðafræðinnar á sviðinu, allir stjórnendur fá kynningu á helstu þáttum KFS og verður haldið áfram á þeirri vegferð. Á sviðinu eru gerðar jafnréttisskimanir fyrir öll ný verkefni í fjárfestingaráætlun og í rekstri.

Þjónustupáttur	Hluti þjónustunnar sem var greindur	Ár skila
Sundlaugar	Aðsókn	2012
Frístundarkort	Þátttaka	2012
Fjárfesting íþróttafélaga	Fjárfesting	2013
Rekstur íþróttafélaga	Styrkir til íþróttafélaga	2014
Sumarstörf ÍTR	Ráðningar	2015
Fjölskyldu og húsdýragarðurinn	Aðsókn	2018
Hitt Húsið	Þátttaka í Músíktílaunum	2018
Samantekt frístundakortsins 2012-2020	Þátttaka	2021
Aðsókn Sundlaugar	Aðsókn	2022

Framundan eru tækifæri hjá ÍTR til að greina ýmis verkefni í KFS:

Verkefni í vinnslu á árinu 2022

- Aðsóknartölur með nýju verslunarkerfi sem tekið var í notkun árið 2019 og koma gögn til með að liggja fyrir 2022.

Önnur verkefni sem stefnt er að greina

- Skoða þátttöku í ýmsum jaðaríþróttum og öðrum tómstundum sem ÍTR styrkir.
- Greina aðsókn og þjónustu á skíðasvæðunum með aðferðafræði KFS.
- Skoða álag og starfsánægju í starfsmannahópum ÍTR eftir kyni og aldursbili.
- Skoða ánægju með þjónustu sundlauga, Fjölskyldu- og húsdýragarðs og skíðasvæða eftir kyni og aldursbili
- Vinahópur fyrir félagslega einangruð ungmenni hjá Hinu Húsinu.

Eftirfylgni með aðgerðum

Þær greiningar á sviði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar sem hafa verið gerðar á Íþrótt- og tómstundasviði síðastliðin ár hafa verið nýttar á mismunandi hátt. Aðferðafræðin er komin inn í verklag við þátttökugreiningu úr gögnum Frístundakortsins og öll gögn þar eru kyngreind. Þá er einnig búið að gara smáforrit í Qlik sense sem eykur aðgengi að þeim upplýsingum.

(Skýrslur er hægt að nálgast hér: <https://reykjavik.is/utgefing-efni-kynjud-fjarhags-og-starfsaaetlun> eða hjá verkefnastýru KFS.)

Þjónustubáttur og ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Frístundakort greint árlega	Greining á nýtingu frístundakortsins eftir: aldri, búsetu, kyni, íþrótt- og tómstunda iðkun.	Komið inn verklag
Aðsókn í Sundlaugar	Við innleiðingu á nýju afgreiðslukerfi var horft til þess að auðvelt yrði að safna kyngreindum gögnum.	Vinnu við að tengja Qlik sense við gagnagrunn kerfisins verður lokið 2021
Sumarstörf ÍTR	Stjórnendur meðvitaðir um jafna kynjaskiptingu í ráðningum.	Komið inn í verklag
Hitt Húsið	Greining þátttöku í Músíktílaunum eftir kyni.	Komið inn í verklag

Skóla- og frístundasvið

Verkefni	Framkvæmd	Tímasetning	Eftirlit/eftirfylgd
Fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun SFS			Fjármálaskrifstofa SFS
Greining á þjónustu Mixtúru	Verkefnahópur: Hildur Rudólfsdóttir Hildur Ásta Viggósdóttir Guðmundur Guðbjörnsson	Skil áætluð 01. október 2022	Starfshópur KFS á SFS fylgir eftir skilum á verkefni
Greining á starfsemi Tveggja skólabókasafna	Verkefnahópur: Margrét Björnsdóttir ofl.	Skil áætluð 01. október 2022	Starfshópur KFS á SFS fylgir eftir skilum á verkefni
Fjárhagsáætlun og fjárfestingaáætlun SFS			Fjármálaskrifstofa SFS
Greining á þjónustu Mixtúru	Verkefnahópur: Hildur Rudólfsdóttir Hildur Ásta Viggósdóttir Guðmundur Guðbjörnsson	Skil áætluð 01. október 2022	Starfshópur KFS á SFS fylgir eftir skilum á verkefni

Umhverfis- og skipulagssvið

Sviðið fylgir áætlun yfir greiningu þjónustupátta sviðsins í samræmi við markmið kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar (KFS) fyrir Reykjavíkurborg. Þrátt fyrir að ekki hafi náðst að fylgja þeim tímaramma sem við settum upp fyrir árið 2021 þá skilaði verkefnahópurinn KFS greiningu á þjónustupættinum Stefnumótun og greining ásamt þjónustupættinum Náttúru og garðar / Umhverfi og útivist. Stefnt er á að hafa lokið innan ársins 2022 greiningu á þremur þjónustupáttum, Bílastæðasjóði, Heilbrigðieftirliti og Rekstur hverfahluta austur og vestur. Einnig skilaði starfshópurinn af sér jafnréttismati og jafnréttisskimunum fyrir ýmis verkefni innan sviðsins. Stefnt er á að hafa lokið greiningu á öllum þjónustupáttum sviðsins í lok árs 2023 og mun hópurinn í framhaldi af því fara ítarlega yfir allar niðurstöður sem fram hafa komið og greina hvaða þjónustupættir eru í forgangi í endurskoðun. Mikilvægt er að skoða hvaða breytingar hafa orðið á þjónustupáttum frá því að vinna hófst árið 2013 og endurmeta hvort þjónustupættir sem ekki var talið þurfa greiningar séu ennþá undanskildir ítarlegri greiningu. Á sama tíma munum við skoða hvaða áhrif fyrirhugaðar skipulagsbreytingar á sviðinu árið 2022 munu hafa og hvort hvenær það sé tímabært að setja þá þjónustupætti sem þar koma undir til skoðunar. Einnig munum við taka hvern greindan þjónustupátt fyrir sig og skoða hvort tillagðar aðgerðir hafi skilað árangri.

Tafla 1. Yfirlit yfirgreiningar sem hafa verið framkvæmdar með aðferðafræði KFS.

Þjónustupáttur	Þjónusta sem var greind	Ár skila	Kostnaður greindrar þjónustu
Skipulagsmál		2013	
Hjólreiðaáætlun		2016	350 mkr/ár
Byggingarfulltrúi		2016	220 mkr
LUKR og landupplýsingar		2016	145 mkr
Grasagarður		2016	86 mkr
Vinnuskólinn		2017	241 mkr
Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing		2017	1.644 mkr
Samgöngumál		2018	141 mkr
Þjónustumiðstöð borgarlandsins		2019	1.275 mkr
Náttúra&garðar, og umhverfi&útivist		2021	179 mkr
Stefnumótun og greining		2021	135 mkr
Bílastæðasjóður		2022	(307 mkr)
Rekstur hverfahluta austur og vestur		2022	2.648 mkr
Heilbrigðiseftirlit		2022	

Áætlun 2023

Tafla 2. Áætlun um greiningar á árinu 2023.

Þjónustupáttur	Ábyrgðaraðili	Greiningartímabil	Áætluð skil
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds		Janúar-apríl	15. apríl 2023
Skipulagsfulltrúi		September-nóvember	15. nóv 2023

Eftirfylgni með aðgerðum

Tafla 3. Yfirlit yfir aðgerðir lagðar til í kjölfar greininga á sviðinu.

Þjónustupáttur	Ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Þjónustumiðstöð borgarlandsins	2019	Kannað verði með umfang verkefnis af því að gera úrbætur varðandi aðgengi að matjurtargörðum Reykjavíkur. Skoðað hvernig við getum sutt betur við verkefnum um atvinnumál fatlaðra. Rýna betur vinnutíma starfsfólks með aðferðafræði KFS.	Eftirfylgni í apríl 2022
Stefnumótun og greining	2021	Bætt verði inn mælikvörðum í aðalskipulag sem fangi betur upplýsingar um framfylgd aðalskipulags út frá jafnréttissjónarmiðum. Jafnréttisgreining fylgi loftlagsbókhaldi. Deild gæða og öryggis haldi utan um upplýsingar um kyn og uppruna í slysaskráningum.	Eftirfylgni í ágúst 2022
Náttúra og garðar	2021	Að leiksvæðastefna Reykjavíkurborgar verði endurskoðuð og uppfær. Kortlagning notenda á grænum svæðum og aukið samráð við notendur um ákvarðanatöku og uppbyggingu.	Eftirfylgni í nóvember 2022

Velferðarsvið

Inngangur – yfirlit yfir stöðu innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar fylgir mannréttindarstefnu borgarinnar og áherslum borgarinnar í jafnréttismálum. Í töflu 1 hér að neðan má sjá yfirlit yfir þá þjónustubætti sem þegar hafa verið greindir á velferðarsvið með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar (KFS).

Tafla 1. Yfirlit yfir þjónustubætti sem búið er að greina með aðferðafræði KFS.

Þjónustubáttur	Hluti þjónustunnar sem var greindur	Ár skila	Kostnaður greindrar þjónustu
Tilraunaverkefni	Þjónusta við utangarðsfólk	2012	203 mkr.
Tilraunaverkefni	Félagsstarf aldraðra	2012	176 mkr.
Fjárhagsaðstoð	Framfærslustyrkur	2014	2.105 mkr.
Fjárhagsaðstoð	Heimildagreiðslur	2015	527 mkr.
Stuðningsþjónusta	Liðveisla, frekari liðveisla, persónuleg ráðgjöf, tilsjón og stuðningsfjölskyldur	2016	700 mkr.
Búsetuúrræði	Búsetuúrræði	2017	4.604 mkr.
Dagþjónusta	Dagþjónusta fatlaðs fólks og dagþjónusta aldraðra	2017	983 mkr.
Heimaþjónusta	Heimaþjónusta	2018	1.850 mkr.
Heimahjúkrun	Heimahjúkrun	2018	1.106 mkr.
Hjúkrunarheimili	Droplaugastaðir og Seljahlíð	2018	270 mkr.
Þjónustuíbúðir	Þjónustuíbúðirnar á Dalbraut 21-27, Furugerði 1, Lönguhlíð 3 og Norðurbrún 1	2018	324 mkr.
Fjárhagsaðstoð	Framfærslustyrkur	2021	3.952 mkr.
Framleiðslueldhús	Framleiðslueldhús	2021	242,1 mkr.
Akstursþjónusta	Akstursþjónusta fatlaðs fólks	2021	1.059 mkr.

Unnið er að áframhaldandi greiningum á þjónustubáttum sviðsins. Í töflu 2 hér að neðan má sjá yfirlit yfir ný verkefni á áætlun að vori 2022.

Tafla 2. Áætlun um KFS greiningar 2022.

Þjónustubættir til KFS greiningar 2022	Ábyrgðaraðili	Greiningar- tímabil (frá - til)	Dags. skila
Heimili fyrir fatlað fólk	Sviðsstjóri VEL	2022	Sumar 2022
Þjónusta við heimilislaua með flóknar þjónustubarfir	Sviðsstjóri VEL	2022	Sumar 2022

Í lok apríl 2022 voru settar af stað tvær greiningar á þjónustubáttum, heimili fyrir fatlað fólk og þjónusta við heimilislaua með flóknar þjónustubarfir, áætlað er að niðurstöðu sé að vænta í júní.

Eftirfylgni með aðgerðum

Í eftirfarandi töflu má sjá þær aðgerðir sem lagðar hafa verið til í kjölfar greininga velferðarsviðs með aðferðafræði KFS.

Tafla 3. Yfirlit yfir aðgerðir lagðar til í kjölfar KFS greininga á velferðarsviði.

Þjónustubáttur og ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Tilraunaverkefni: Þjónusta við utangarðsfólk 2012	Setja fram kröfu um kyngreind gögn vegna samninga við þriðja aðila.	Innleitt í samninga
Athugasemdir:		
Tilraunaverkefni: Félagsstarf aldraðra 2012	Átaksverkefni PHL að kynna ekkjum starfseminu í félagsmiðstöðvum.	Framkvæmt árið 2012
	Kynning á niðurstöðum fyrir forstöðumenn í hverfinu.	Framkvæmt árið 2012
	Skilgreina vel sjálfbært félagsstarf, tilhögun þess og verklag	Framkvæmt árið 2012
Athugasemdir:		
Fjárhagsaðstoð Framfærslustyrkur 2013	Aukning á ráðgjöf og þjónusta fyrir karla 30-66 og kvenna 18-29 ára	Hefur ekki farið í framkvæmd
	Nánari greining á beitingu 3. gr. reglna um fjárhagsaðstoð.	Er í reglulegri skoðun
Athugasemdir: Mikil fækkun hefur orðið í hóp notenda framfærslustyrks frá árinu 2013. Samsetning hópsins er í reglulegri skoðun m.a. m.t.t. aldurs og kyns.		
Fjárhagsaðstoð Heimildargreiðslur 2015	Nánari greining á heimildargreiðslum Barnaverndar vegna tómsunda barna 4. gr. reglna barnaverndar	Hefur ekki farið í framkvæmd
	Nánari greining á heimildargreiðslum fjárhagsaðstoðar vegna sérfræðiaðstoðar. 20. gr reglna fjárhagsaðstoðar	Hefur ekki farið í framkvæmd
	Nánari greining á styrk vegna sérstakra erfiðleikar. 24 gr. reglna fjárhagsaðstoðar.	Hefur ekki farið í framkvæmd
Athugasemdir:		
Búsetuúrræði 2017	Nánari greining á aldurshópnum 6-17 ára þar sem hlutfall þeirra sem eru í þjónustu er í ósamræmi grunn hópin	Hefur ekki farið í framkvæmd
	Nánari greining á hlutfall geðfatlaðra í sértækri búsetu	Hefur ekki farið í framkvæmd
	Fjölga karlkyns starfsmönnum í sértækri búsetu fyrir fatlað fólk.	Er í vinnslu á mannauðsdeild velferðarsviðs
Athugasemdir:		
Dagþjónusta 2017	Fjölga karlkyns notendum í dagþjónustu aldraðra	Hefur ekki farið í framkvæmd
	Fjölga karlkyns starfsmönnum í dagþjónustu fyrir fatlað fólk	Er í vinnslu á mannauðsdeild velferðarsviðs
	Fjölga karlkyns starfsmönnum í dagdeildum aldrara	Er í vinnslu á mannauðsdeild velferðarsviðs
Athugasemdir:		

Þjónustupáttur og ár skila	Aðgerð	Staða framkvæmdar
Heimþjónusta 2018	Starfshópurinn gerir tillögu um að gerð verði könnun meðal eldra fólks um það hvaða verkefni það þurfi aðstoð við til að geta haldið heimili og þá hvað þeim finnst eiga að vera verkefni sveitarfélagsins og hvað þeim finnst eðlilegt að kaupa á almennum markaði.	Hefur ekki farið í framkvæmd
Athugasemdir:		
Heimahjúkrun 2018	Engar aðgerðir lagðar til.	
Athugasemdir:		
Hjúkrunarheimili 2018	Engar aðgerðir lagðar til.	
Athugasemdir:		
Þjónustuíbúðir 2018	Engar aðgerðir lagðar til.	
Athugasemdir:		
Fjárhagsaðstoð 2021	Veita fræðslu og vinna með Vinnumálastofnun að virkri atvinnuþátttöku. Markviss ráðgjöf og stuðningum um leið og ungir notendur sækja um fjárhagsaðstoð.	Er í vinnslu í Virknimiðlun og Virknihus.
Athugasemdir:		
Akstursþjónusta 2021	Skýrari reglur annars vegar varðandi aldraða og hins vegar varðandi fatlaða. Endurskoða núverandi reglur um þjónustu vegna tímabundinnar fötlunar. Birta ítarlegar upplýsingar um þjónustuna á fleiri tungumálum en íslensku.	Hefur ekki farið í framkvæmd.
Athugasemdir:		
Framleiðslueldhús 2021	Jafna kynjahlutföll í störfum framleiðslueldhús.	
Athugasemdir:		

Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Inngangur

Markmið Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með kynjaðri starfs- og fjárhagsáætlunargerð er að núverandi framkvæmd þjónustu og dreifing fjárheimilda leiði til jafnra tækifæra íbúa borgarinnar óháð kyni, aldri, menntun eða stöðu þeirra í samfélaginu. Jafnréttisskimun er orðin sjálfsagður hlutur í ákvörðunarferli um ný verkefni auk þess sem byggt er á niðurstöðum skimunar við forgangsröðun fjármagns í stafrænni vegferð og uppbyggingu upplýsingatækniinnviða.

Starfshópur um kynjaða fjárhags- og starfsáætlunargerð á Þjónustu- og nýsköpunarsviði hefur skilgreint eftirfarandi jafnréttismarkmið fyrir sviðið:

- Tryggja áframhaldandi fræðslu um jafnréttis- og fjölbreytileika fyrir allt starfsfólk sviðsins.
- Að vera vinnustaður þar sem jafnrétti og jafnræði er virt í hvívetna og unnið markvisst að því að jafna stöðu kynjanna, koma í veg fyrir hvers kyns mismunun og tryggja að framlag hvers og eins sé metið að verðleikum án tillits til kyns, aldurs og annarra ómálefnalegra þátta sbr. lög nr. 86/2018 og lög nr. 150/2020.

Tafla 2. Yfirlit yfir greiningar sem verið er að vinna á sviðinu með aðferðafræði KFS.

Þjónustupáttur	Þjónusta sem var greind	Ár greiningar	Kostnaður greindrar þjónustu
Borgarskjalasafn	Heildstæð skil á gagnasöfnum einstaklinga	2021	600 þ.kr
Þjónustuhönnun	Þjónusta í þjónustuveri: framlína, móttaka símtala, netspjall og ábendingar í gegnum vef.	2022	100 mkr

Verkefnið „Heildstæð skil á gagnasöfnum einstaklinga“ miðar að því að greina skil á einkaskjalasöfnum til Borgarskjalasafns með aðferðafræði KFS. Markmiðið með þeirri vinnu er að greina hvort núverandi framkvæmd þjónustu og/eða dreifing fjárheimilda leiði til jafnréttis. Ef staðan í dag leiðir ekki til jafnréttis verða lagðar til aðgerðir til leiðréttingar.

Verkefnið „Þjónusta í þjónustuveri: framlína, móttaka símtala, netspjall og ábendingar í gegnum vef.“ miðar að því að greina dreifingu gæða milli kynja og jaðarsettra hópa samfélagsins. Sá hluti þjónustunnar sem greindur snýr að þjónustuveitingu í þjónustuveri þ.e. framlínu, móttöku símtala, netsamtölum og öðrum samskiptaleiðum borgarinnar við íbúa og fyrirtæki.

Áætlun 2023 - 2027

Tafla 3. Áætlun um greiningar á árinu 2023 – 2027.

Þjónustupáttur	Ábyrgðaraðili	Greiningar-tímabil	Áætluð skil
Upplýsingatækni-þjónusta	Úthlutun tölvu- og hugbúnaðar til starfsfólks	2023	2023
Stafræn Reykjavík	Nýr vefur Reykjavík.is	2024	2025
Skjalastýring	Hlaðan: málaflokkar, eðli erinda, málshraði og svo framvegis.	2025	2026
Verkefnaráð PON	Val verkefna	2026	2026
Gagnaþjónustan	Mælaborð borgarbúa 2.0	2027	2028
Verkefnaráð PON	Val verkefna	2026	2026